

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.09.2015
Málalýkill	1509235
Mál nr.	1509235



Garðabær
b.t. Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 16. september 2015

Tilv.: IRR15030230/18.14.3

Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Þann 31. desember 2014 rann út gildistími viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins sem var undirritað 13. maí 2011. Viðaukinn náði jafnframt til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011. Unnið er að framlengingu á gildistíma viðaukans sem nærði út árið 2015.

Á grundvelli fjárlaga ársins 2015 veitir ríkissjóður 520 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu framlaga á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins. Greiðslur hafa því borist reglulega til sveitarfélaga á árinu. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að standa áfram tímabundið straum af verkefnum frá ríkinu sem nema 230 m.kr. á árinu.

Með setningu laga nr. 72/2015 um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga veitt heimild til að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags, í þeim verkefnum sem tilheyra tímabundinni breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með því að draga hlutdeild hvers sveitarfélags á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2015 frá greiðslum á framlögum sjóðsins. Með setningu laganna var jafnframt aflað lagaheimildar til að veita 30 m.kr. til lausnar á bráðavanda tónlistarskóla í stað þeirrar greiðslu sem rann áður í Varasjóð húsnæðismála.

Á árinu 2015 er því um eftirfarandi verkefni að ræða. Tekið er mið af íbúafjölda sveitarfélagsins 1. janúar 2015 sem var **14.453**.

- Námsgagnasjóður, 54,0 m.kr.
- Vistheimilið Bjarg, 63,3 m.kr.
- Bráðavandi tónlistarskóla 30,0 m.kr.
- Sumardvalarheimilið í Reykjadal, 29,2
- Tölvumiðstöð fatlaðra, 8,9 m.kr.
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla, 44,6 m.kr.

Innheimtan, sem fram fer á tímabilinu september - desember, nemur samtals **10.100.851 kr.**

og mun fara fram af framlögum til sveitarfélagsins vegna útgjaldajöfnunarframlaga sem hér segir:

- | | |
|--|---------------|
| • Í lok september vegna Námsgagnasjóðs | 2.371.504 kr. |
| • Í lok október vegna Vistheimilisins Bjargs | 2.779.930 kr. |
| • Í lok nóvember vegna Bráðavanda tónlistarskóla | 1.317.502 kr. |
| • Í lok nóvember vegna Sumardvalarheimilis í Reykjadal | 1.282.369 kr. |
| • Í lok desember vegna Tölvumiðstöðvar fatlaðra | 390.859 kr. |
| • Í lok desember vegna Endurmenntunarsjóðs grunnskóla | 1.958.687 kr. |

Til nánari upplýsinga fyrir sveitarfélög er sérstakt svæði á vefsíðu sjóðsins: jofnunarjodur.is, undir *Styttu þér leið/ Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga* þar sem fram munu koma upplýsingar um framangreinda innheimtu af tilgreindu framlagi sjóðsins til sveitarfélagsins í viðkomandi mánuði á árinu 2015.

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Elín Gunnarsdóttir